



Páskar

Mikilvægasta hátíð gyðinga eru páskarnir eða pesach. Þá minnast þeir þess tíma þegar forfeðurnir voru þrælar í Egyptalandi en Guð frelsaði þá úr ánaðu.

Páskarnir eru haldnir í mars eða apríl og standa í átta daga og tveir fyrstu dagarnir eru mikilvægastir. Hátíðin hefst á því að fjölskyldan rifjar upp þennan mikilvægasta atburð í sögu okkar. Stuðst er við bók sem nefnist Haggada en í henni eru ýmsar frásagnir úr bíblíunni ásamt söngvum. Hægt er að lesa meira um Haggada í kaflanum *Kennisetningar og reglur > Helgirit*. Fjölskyldur safnast þá saman og halda seder



Egyptaland er land í N-Afríku.

Egyptar voru stórveldi í fornöld og byggðu t.d. bíramídana.

sem eru hátíðarkvöldverðir. Það er mikil gleði og eftirvænting hjá börnum um við undirbúning páskamálitíðarinnar og skiptir hann gyðinga miklu máli. Allt sem fram fer þetta kvöld minnir á einhvern hátt á frelsun Ísraelsþjóðar undan Egyptum. Borið er fram þunnt, flatt og gerlaust brauð sem minnir á brauðið sem Ísraelsmenn tóku með sér í flýti þegar þeir yfirláfu Egyptaland. Ýmiss annar matur er hafður á borðum sem minnir á einhvern hátt á flóttann. Einnig er hægt að fræðast meira um matarvenjur tengdar páskum í kaflanum *Siðir > Matarvenjur*.

Spurningar

1. Hver vegna eru páskarnir mikilvægasta hátíð gyðinga?
2. Hvenær eru páskarnir haldnir og hve lengi standa þeir?
3. Hvað er Haggada?
4. Hvað kallast páskamálitíðin?